

## Sálmur 25 | Mitt þema í desember varðandi að auðmýkja mig

### Daníel 9.kafli | Fyrirbæin fyrir þjóðinni í föstu

#### Postulasagan og fl. vers um föstu

##### Post 13:2

Eitt sinn er þeir voru að þjóna Drottni og föstuðu sagði heilagur andi: Skiljið frá mér til handa þá Barnabas og Sál til þess verks, sem ég hef kallað þá til.

##### Post 13:3

Síðan föstuðu þeir og báðust fyrir, lögðu hendur yfir þá og létu þá fara.

##### Jóel 2:12

En snúið yður nú til mín \_ segir Drottinn \_ af öllu hjarta, með föstum, gráti og kveini.

##### Sálm 35:13

En þegar þeir voru sjúkir, klæddist ég hærusekk, þjáði mig með föstu og bað með niðurlútu höfði,

##### 2.Króníkubók 7:14

og lýður minn, sá er við mig er kenndur, auðmýkir sig, og þeir biðja og leita auglitis míns og snúa sér frá sínum vondu vegum, þá vil ég heyra þá frá hinnum, fyrirgefa þeim syndir þeirra og græða upp land þeirra.

##### Ezra 8:21-22

Og ég lét boða þar föstu við fljótið Ahava, til þess að vér skyldum **auðmýkja oss** fyrir Guði vorum til að biðja hann um farsælega ferð fyrir oss, börn vor og allar eigur vorar. -22- Því að ég fyrirvarð mig að biðja konung um herlið og riddara til verndar fyrir óvinum á leiðinni. Því að vér höfum sagt konungi: Hönd Guðs vors hvílir yfir öllum þeim, sem leita hans, þeim til góðs, en máttur hans og reiði yfir öllum þeim, sem yfirgefa hann. -23- Vér föstuðum því og báðum Guð um þetta, og hann bænheyrði oss.

## Saga Jehosophat

##### 2.Króníkubók 20:3-7, 10-15,17-25

*Þá varð Jósafat hræddur og tók að leita Drottins, og lét boða föstu um allan Júda. -4- Þá söfnuðust Júdamenn saman til þess að leita Drottins. Komu menn einnig úr öllum Júdaborgum til þess að leita Drottins. -5- En Jósafat gekk fram í söfnuði Júda og Jerúsalem, í musteri Drottins,*

úti fyrir nýja forgarðinum -6- og mælti: Drottinn, Guð feðra vorra! Þú ert Guð á himnum, þú drottinn yfir öllum ríkjum heiðingjanna. Í þinni hendi er máttur og megin, og fyrir þér fær enginn staðist.-7- Þú hefir, Guð vor, stökkt íbúum lands þessa undan lýð þínum Ísrael og gefið það niðjum Abrahams vinar þíns um aldur og ævi.

Og sjá, hér eru nú Ammónítar og Móabítar og Seírfjalla-búar. Meðal þeirra leyfðir þú eigi Ísraelsmönnum að koma, þá er þeir komu frá Egyptalandi, heldur hörfuðu þeir frá þeim og eyddu þeim eigi. -11- Og nú launa þeir oss og koma til þess að hrekja oss frá óðali þínu, er þú hefir veitt oss til eignar. -12- Guð vor, munt þú eigi láta dóm yfir þá ganga? Því að vér erum máttvana gagnvart þessum mikla mannfjölda, er kemur í móti oss. Vér vitum eigi, hvað vér eigum að gjöra, heldur mæna augu vor til þín. -13- En allir Júdamenn stóðu frammi fyrir Drottni, ásamt ungbörnum þeirra, konum og sonum. -14- Þá kom andi Drottins yfir Jehasíel Sakaríason, Benajasonar, Jeíelssonar, Mattanjonar, levíta af Asafsniðjum, þar í söfnuðinum -15- og hann mælti: Hlýðið á allir Júdamenn og Jerúsalembúar og þú Jósafat konungur: Svo segir Drottinn við yður: Hræðist eigi né skelfist fyrir þessum mikla mannfjölda, því að eigi er yður búinn bardaginn, heldur Guði.

En eigi þurfið þér að berjast við þá, skipið yður aðeins í fylkingu, standið kyrrir og sjáið liðsinni Drottins við yður, þér Júdamenn og Jerúsalembúar. Óttist eigi og skelfist eigi. Farið í móti þeim á morgun, og Drottinn mun vera með yður. -18- Þá laut Jósafat fram á ásjónu sína til jarðar, og allir Júdamenn og Jerúsalembúar féllu fram fyrir Drottni til þess að tilbiðja Drottni. -19- Síðan stóðu upp levítarnir, er voru af Kahatítaniðjum og Kóraitaniðjum, til þess að lofa Drottni, Guð Ísraels, með afar hárrí röddu. -20- Og næsta morgun tóku þeir sig upp í býtið og fóru til Tekóa-eyðimerkur, og er þeir fóru út, gekk Jósafat fram og mælti: Heyrið mig, þér Júdamenn og Jerúsalembúar! Treystið Drottni, Guði yðar, þá munuð þér fá staðist, trúið spámönnum hans, þá munuð þér giftudrjúgir verða! -21- Síðan réðst hann um við lýðinn og skipaði söngvara Drottni til handa, að þeir skyldu hefja lofsöngva í helgum skrudá, þá er þeir færu út á undan hermönnum, og segja: Lofið Drottni, því að miskunn hans varir að eilífu. -22- En er þeir hófu fagnaðarópið og lofsönginn, setti Drottinn launsátur móti Ammónítum, Móabítum og Seírfjalla-búum, er fóru í móti Júda, og þeir biðu ósigur. -23- Ammónítar og Móabítar hófust gegn Seírfjalla-búum til þess að gjöreyða þeim og tortíma, og er þeir höfðu gjörsigrað Seírbúa, þá hjálpuðu þeir til að tortíma hver öðrum. -24- Og er Júdamenn komu á hæðina, þaðan er sjá mátti yfir eyðimörkina, og lituðust um eftir mannfjöldanum, sjá, þá voru þeir hnignir dauðir til jarðar, og enginn hafði undan komist. -25- En Jósafat kom með mönnum sínum til þess að taka af þeim herfang. Fundu þeir afar mikið af fénaði og munum og klæðum og dýrum áhöldum og rændu handa sér svo miklu, að þeir gátu eigi borið. Og þeir voru þrjá daga að taka af þeim herfang, því að mikið var af því.

**HORFA!!! - Vitnisburðurinn um James Kawalya | Youtube**

## Stefndu á móti vindinum

Barnið mitt, vertu ekki uggandi yfir morgundeginum. Þú munt ekki mæta neinu sem ég veit ekki þegar um. Miskunn mín er falin í hverju stormskýi. Náð mín flæðir undir hverju mótstreymi. Viskan mín hefur hugsað upp lausn við hverju vandamáli.

Ég hef vísitandi sett hindranir á veg þinn til að reyna hæfni þína. Ég mun ekki alltaf láta hagstæða vinda blása á leið þína, því þá myndir þú verða værukær og brátt verða mjúkur og sljór. Það er þegar vindurinn er sterkur og öldurnar ógna sem þú verður vakandi og skarpur, og þannig get ég gefið vöxt inn í andlegan styrk þinn.

Stormurinn er ekki eitthvað til að óttast heldur fagna. Þú munt læra að halda beint á móti vindinum með gleði þegar þú hefur uppgötvað að í tíma álags og þrenginga færðu skýrustu opinberunina af mér.

Var það ekki satt með lærisveinana? Þegar þeir litu út yfir ólgandi vötnin, hvað sáu þeir? Var það ekki Jesús? Jesús – komandi til þeirra! Að hafa upplifað þetta einu sinni hefði verið þess virði að þola marga storma.

Í miðjum eldsofninum, hvað sáu hebresku piltarnir þrír? Var það ekki lifandi form Jesú Krists sjálfs sem kom til að vera með þeim? Já, hann skein svo bjart fyrir þeim að ljómi hans skyggði á eldinn!

Nei, þú þarft ekki að óttast. Þú þarft ekki að óttast sveiflur forsjónarinnar – því á bak við allt sem virðist vera algjör óreiða hef ég áætlun sem vinnur þér til góðs.

Þú þarft aldrei að óttast hvort ég muni vera þér trúur, því ef ég hef aldrei brugðist öðrum, hvers vegna ætti ég að bregðast þér? Þú hefur óteljandi áhorfendur sem hvetja þig frá himinhæðum, minna þig á hvað ég gerði fyrir þá og hvetja þig með því að baráttan er ekki endalaus, heldur ótrúlega fljótt mun hún enda með sigri fyrir þig líka – ef þú ert trúur til enda.

Óttastu þú veikleikana þína? Sjá, ég hef sett þá þar til að færa þig til mín. Ég svara kannski aldrei bænunum þínum um að verða sterk(ur), en ég mun gefa þér sama loforð og ég gaf Páli, að í veikleika þínum mun ég vera styrkur þinn. Því enn er satt að náð mín virkar best þegar þú hefur meðvitaða tilfinningu fyrir þörf – já, jafnvel örvæntingarkennda meðvitund um eigin vanmátt.

Kraftaverk spretta upp úr rökum, köldum jarðvegi mannglegra harmsagna. Rök með tárur og köld með vonleysi. Ég fæ aldrei tækifæri til að framkvæma kraftaverk fyrir þig þegar þú ert upptekinn af sjálfum þér – á meðan þú hefur hugmyndir um hversu undraverða hluti ég ætla að gera úr þér. Ég nota þig ekki sem hráefni fyrir kraftaverk; ég geri kraftaverk úr mínu eigin eðli. Ég leyfi þér að fylgjast með þegar þú skilur fullkomlega að það er ég sem er yfirnáttúrulegur, ekki þú.

Þú þarft ekki að vera annað en það sem ég skapaði þig: manneskja. Þú þarft aðeins að gera það sem ég skapaði þig fyrir: að dýrka mig. Stattu til hliðar! Leyfðu Guði að vera Guð. Leyfðu mannum að vera maður. Þegar þú samþykkir takmörk þín og sættir þig við að ég mun aldrei biðja þig um að framkvæma eitthvað sem þú getur ekki, geturðu byrjað að læra hvað ég hef raunverulega í huga fyrir þig.

Ég er ekki vonsvikinn með þig, en þú munt verða vonsvikinn með sjálfan þig ef þú skilur ekki sannleikann í því sem ég kenndi í gegnum Pál, að ég nota það sem heimurinn telur heimsku til að gera hina vitru ráðalaus og þá sem eru ekkert, til að brjóta niður hroka manna í því sem þeir hafa gert úr sjálfum sér.

Ég er Drottinn og ég mun ríkja. Þú getur staðið á móti mér, en það mun óhjákvæmilega leiða til eigin tortímingar. Elskaðu mig og treystu mér og haltu þér í auðmýkt. Eins og ritað er: „Auðmýktu þig undir máttuga hönd Guðs, og hann mun upphefja þig.“ Mundu, hann mun gera það. Þú þarft ekki að upphefja sjálfan þig.

Þú þarft aðeins að halda auðmýkt.

## Daily Devotionals – Appið „Ourdailystrength“

Sálmur 138:7

*Þótt ég sé staddur í þrengingu, lætur þú mig lífi halda, þú réttir út hönd þína gegn reiði óvina minna, og hægri hönd þín hjálpar mér.*

Fyrsta dagsljósið rauf myrkrið með litbrigðum þann 21. febrúar 1968 í Huế, Suður-Víetnam. Þetta var Tét-sóknin. D-sveitin, 2/501. fótgöngulið og 101. loftfararsveitin, réðust á sterka víglínu Viet Cong-hermanna þegar þeir lentu í þungri skothríð úr mismunandi áttum. Eldflaugar blossuðu gegnum frumskóginn, og hávaðinn frá vélbyssum og öðrum sjálfvirkum vopnum skar í loftið. Framrás D-sveitar stöðvaðist við læk þar sem hópstjóri þeirra, Sgt. Hooper, skipulagði árásaráætlunina.

Hooper safnaði nokkrum af mönnum sínum og hljóp yfir lækinn, leiddi hópinn beint inn í skothríð óvinarins. Hann og menn hans tóku fljótt skotgröfina þaðan sem óvinurinn skaut. Fljótlega fylgdi restin af D-sveit fordæmi Sgt. Hoopers og hélt bardaganum að óvininum. Eftir að nokkrir hermenn særðust og lentu í miðri árás óvinarins, hljóp Hooper án þess að hugsa sig tvisvar um inn í skothríðina til að bjarga föllnum félögum sínum. Sgt. Hooper varð síðar einn af mest heiðruðu hermönnum allra tíma og hlaut meðal annars heiðursorðuna.

Það sem kirkjan þarfnast í dag eru fleiri karlar og konur sem eru tilbúin að færa andlegu baráttuna að óvininum. Ekki að dragast aftur úr af ótta, heldur óhrædd að bera fánann áfram og lýsa yfir sigri yfir því sem reynir á okkur. Að ala upp börn í ótta Drottins, lifa lífi sem þóknast Guði og byggja lífið á orði hans.

Berstu góðu baráttuna í dag, því himnesku laun okkar veiga svo sannarlega upp á móti þeim þjáningunum sem við upplifum í þessu lífi. Stattu andspænis Satan og lýstu yfir sigri. Haltu áfram að berjast góðu baráttuna.

### Vitnisburður (Uppvakning látins drengs) – 53-1203

Þú verður að fara og gera það. Þú verður að berjast fyrir hverjum einasta centimeter af því svæði sem þú hefur. Hver einasti maður hér inni sem hefur endurfæðst af anda Guðs, veit að þú hefur þurft að berjast fyrir hverjum einasta metra og horfast í augu við Satan. Er það ekki rétt?

Vinir, þetta er ekki skemmtiferð. Þetta er orrustuvöllur. Sjáið? Við komum ekki hingað til að borða smákökur og svo framvegis. Við erum í baráttu. Getið þið ímyndað ykkur Bandaríkjaher

þjálfar hann til að sitja og borða smákökur og allan daginn? Nei, hann gefur honum einkennisbúning, byssu og þjálfar hann til að fara út, berjast og verja þjóðina.

Og það er það sem við verðum að gera. Við verðum að verja þau réttindi sem Guð hefur gefið okkur. Það sem Guð sagði, það er okkar. Stöndum því beint frammi fyrir Satan, augliti til auglitis.

## **2. Korintubríf 10:3-6**

*Þótt vér lifum jarðnesku lífi, þá berjumst vér ekki á jarðneskan hátt, \_ -4- því að vopnin, sem vér berjumst með, eru ekki jarðnesk, heldur máttug vopn Guðs til að brjóta niður vígi. -5- Vér brjótum niður hugsmíðar og allt, sem hreykir sér gegn þekkingunni á Guði, og hertökum hverja hugsun til hlýðni við Krist. -6- Og vér erum þess albúnir að refsa sérhverri óhlýðni, þegar hlýðni yðar er fullkomin orðin.*

## **The Hidden Power of Prayer and Fasting**

Pray for Stevie bls. 13

**Jesús hóf þjónustu sína á föstu.**

Við erum kölluð til að gera sömu verk og meiri. „Days of miracles is NOT pasted“

Ávinningur af föstu bls. 44 og 50

**Þetta kyn verður ekki rekið út nema með bæn og föstu.**

Hver er þín starfslýsing? Bls. 68

Gleymdur sannleikur bls. 108

Vakning í kirkjunni með Derek Prince bls. 117

Menn tóku í taumana bls. 120